

GJALDSKRÁ

Sjúkratrygginga Íslands fyrir áfengis- og vímuefnaeðferð hjá sjálfstætt starfandi þjónustuveitendum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði vegna áfengismeðferðar og/eða vímuefnaeðferðar samkvæmt gjaldskrá þessari, sjá fylgiskjal, sbr. reglugerð nr. 1092/2014 um greiðslu kostnaðar vegna áfengis- og vímuefnaeðferðar hjá sjálfstætt starfandi þjónustuveitendum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Gjaldskráin tekur til áfengismeðferðar og/eða vímuefnaeðferðar sem veitt er á starfsstofu eða á göngudeild hjá sjálfstætt starfandi þjónustuveitendum utan opinberra sjúkrastofnana, án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

2. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands miðast við gjaldskrá sem fram kemur í fylgiskjali. Ef verð þjónustu er lægra en skv. gjaldskrá þessari skal greiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 1092/2014, um greiðslu kostnaðar vegna áfengis- og vímuefnaeðferðar hjá sjálfstætt starfandi þjónustuveitendum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, öðlast þegar gildi og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu frá 1. desember 2014 til og með 30. apríl 2015.

Sjúkratryggingum Íslands, 16. desember 2014.

Steingrímur Ari Arason.

Katrín Eydís Hjörleifsdóttir.

Fylgiskjal.

**Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands
fyrir áfengis- og vímuefna meðferð hjá sjálfstætt starfandi þjónustuveitendum
sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.**

<i>Gjaldskrár- númer</i>	<i>Heiti verks</i>	<i>Ein.fjöldi (Ein.verð kr. 100)</i>	<i>Heildar- verð</i>
70-540-01	Viðtal læknis, a.m.k. 20 mín. Læknaviðtal felur í sér upplýsingasöfnun í sjúkrasögu, skoðun á sjúklingi og allt sem henni tilheyrir samkvæmt hefð læknisfræðinnar. Enn fremur öll vinna við sjúkraskrá, samtöl við heilbrigðisstarfsmenn um sjúkling, símtöl við sjúkling, móttöku og mat á rannsóknaniðurstöðum. Miðað er við að læknaviðtal standi yfir í a.m.k. 20 mínútur. Að jafnaði eru eigi fleiri en eitt læknaviðtal í meðferðarlotu (hópmeðferð, hámark 48 stundir).	68,60	6.860 kr.
70-546-01	Greiningarviðtal, a.m.k. 40 mín. Greiningarviðtal er tekið við upphaf meðferðar af hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða áfengis- og vímuvarnarráðgjafa. Í greiningarviðtali er lagt mat á meðferðarþörf einstaklings ásamt markmiðssetningu. Greiningarviðtal á við þegar sjúklingur leitar til starfsstofu eða á göngudeild með beiðni frá lækni án undangenginnar áfengis- og/eða vímuefna meðferðar á sjúkra- stofnun. Innifalið í þóknun fyrir greiningarviðtal er skráning og skýrslugjöf til læknis sem ber ábyrgð á starfi viðkomandi starfsstofu eða göngudeild. Miðað er við að greiningarviðtal standi yfir í a.m.k. 40 mínútur.	47,82	4.782 kr.
70-548-01	Ráðgjafaviðtal, stutt, a.m.k. 30 mín. Ráðgjafaviðtal er einstaklingsviðtal og inniheldur fræðslu og ráðgjöf frá hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða áfengis- og vímuvarnarráðgjafa. Miðað er við að ráðgjafaviðtal standi yfir í a.m.k. 30 mínútur.	44,61	4.461 kr.
70-548-02	Ráðgjafaviðtal, langt, a.m.k. 60 mín. Ráðgjafaviðtal, langt, er einstaklingsviðtal og inniheldur ítarlegt viðtal, fræðslu og ráðgjöf frá hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi eða áfengis- og vímu- varnarráðgjafa. Miðað er við að ráðgjafaviðtal standi yfir í a.m.k. 60 mínútur. Að jafnaði eru eigi fleiri en eitt langt ráðgjafaviðtal í meðferðarlotu.	71,38	7.138 kr.
70-544-01	Hópmeðferð, a.m.k. 1 klst. Hver hópmeðferð inniheldur fyrirlestur og verkefnatíma. Læknar, hjúkrunar- fræðingar, sálfræðingar eða áfengis- og vímuvarnarráðgjafar koma að hópmeðferð. Miðað er við að hópmeðferð standi yfir í a.m.k. 1 klst. í senn og að jafnaði séu eigi fleiri en 10-15 einstaklingar í hverjum hópi.	15,12	1.512 kr.
70-544-02	Hópmeðferð, a.m.k. 2 klst. Hver hópmeðferð inniheldur fyrirlestur og verkefnatíma. Læknar, hjúkrunar- fræðingar, sálfræðingar eða áfengis- og vímuvarnarráðgjafar koma að hópmeðferð. Miðað er við að hópmeðferð standi yfir í a.m.k. 2 klst. í senn og að jafnaði séu eigi fleiri en 10-15 einstaklingar í hverjum hópi.	30,25	3.025 kr.
70-544-03	Hópmeðferð, a.m.k. 3 klst. Hver hópmeðferð inniheldur fyrirlestur og verkefnatíma. Læknar, hjúkrunar- fræðingar, sálfræðingar eða áfengis- og vímuvarnarráðgjafar koma að hópmeðferð. Miðað er við að hópmeðferð standi yfir í a.m.k. 3 klst. í senn og að jafnaði séu eigi fleiri en 10-15 einstaklingar í hverjum hópi.	45,37	4.537 kr.

Heimilt er að veita hópmeðferð skv. gjaldliðum 70-544-01 til 70-544-03 í allt að 48 klukkustundir á hverju 12 mánaða tímabili.